

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir íbúðarhús á og við Selhól, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 4. júlí 2013, deiliskipulag fyrir íbúðarhús á og við Selhól, Snæfellsbæ.

Í deiliskipulagstillögunni er annars vegar gert ráð fyrir þyrpingu lóða fyrir sjö einbýlishús, þar af er ein lóð fyrir húsið Selhól, auk einnar lóðar fyrir parhús. Hins vegar er gert ráð fyrir tveimur lóðum við Snæfellsás.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 10. september 2013.*

**Smári Björnsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. október 2013